Bæjarráð - 3694 (13.11.2025) - Miðbær, bílastæði

Málsnúmer	:	2303670
Málsaðili	:	Hafnarfjarðarkaupstaður
Niðurstaða (stutt)	:	Sjá bókun
Fundardagur	:	13.11.2025

Inngangur : Kynning á greiningu á notkun bílastæða. Tillaga um næstu skref. Gunnar Páll Þórisson ráðgjafi mætir til fundarins.

Niðurstaða :

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða á fundi sínum þann 7. maí sl. samþykkt um bílastæðasjóð Hafnarfjarðar sem byggir meðal annars á vinnu og niðurstöðum starfshópa um málið. Í sumar var unnin ítarleg greining á notkun bílastæða í miðbæ Hafnarfjarðar, nánar tiltekið við Fjörð, Hafnarfjarðarkirkju, bílakjallarann, stæðin aftan við ráðhúsið og við Strandgötu. Greiningin var framkvæmd með sjálfvirkum myndavélum sem skönnuðu bílnúmer og skráðu nýtingu.

Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar samþykkja að hefja eftirlit með stöðvunarbrotum í Hafnarfirði eins og ólöglegri lagningu eða geymslu stórra ökutækja í íbúðahverfum og á bílastæðum sem ætluð eru fyrir einkabíla. Einnig að hefja undirbúning að hönnun og fyrirkomulagi bílastæðahúss í miðbænum.

Mikilvægt er að í framhaldinu verði unnið að framtíðarfyrirkomulagi bílastæðamála í miðbæ Hafnarfjarðar til að auka aðgengi gesta að þjónustu og verslun í miðbænum. Fyrsti áfanginn í því skyni er að hefja eftirlit með stöðvunarbrotum og bifreiðum sem lagt er í stæði miðbæjarins eða annars staðar í bænum til lengri tíma, jafnvel dögum saman, eins og fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir. Báðum tillögunum er vísað til annarrar umræðu fjárhagsáætlunar 2026.

Ennfremur er bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn Fjarðar vegna erindis þeirra um möguleika á reglulegum akstri hópferðabifreiðar sem
flytur gesti til og frá miðbænum meðan jólaþorpið er opið.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að skýrslan og meðfylgjandi tillögur í henni hvað varðar bílastæðamál í miðbæ Hafnarfjarðar verði send til umsagnar hjá Markaðsstofu Hafnarfjarðar og annarra hagaðila. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hafnar tillögunni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja eftirfarandi fram:
Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar taka undir mikilvægi þess að tekið sé á stöðvunarbrotum og ólöglegri lagningu og geymslu stórra ökutækja vítt og breitt um bæinn. Hins vegar telur Samfylkingin að gjaldtaka fyrir stæði í miðbæ þurfi nánari skoðun og samráð við hagaðila í miðbæ, t.d. verslunareigendur og forsvarsmenn þjónustufyrirtækja. Þess vegna er eðlilegt að senda fyrirliggjandi skýrslu um stöðu mála og afstöðu til Markaðsstofu Hafnarfjarðar og annarra hagaðila og óska umsagnar. Það er hins vegar brýnt mál að huga að gerð bílastæðahúss í miðbæ eða bílastæði neðanjarðar, eins og jafnaðarmenn hafa lengi talað fyrir.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar áréttar að tillagan sem hér hefur verið samþykkt lítur einungis að því að tekið verði á stöðvunarbrotum. Engin afstaða hefur enn verið tekin til gjaldtöku fyrir bílastæði í miðbænum og því ótímabært að óska eftir umsögnum þar um. Mikilvægt fyrsta skref í að bæta bílastæðamál miðbæjarins er að taka á stöðvunarbrotum og hefja byggingu bílastæðahúss.